

Tálknafjarðarhreppur
Strandgata 38
460 TÁLKNAFJÖRÐUR

Garðabær, 24. september 2023
Málsnúmer: 202308-0015
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulag iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinseyrar.

Vísað er í erindi frá skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps, sent gegnum Skipulagsgátt þann 14. Ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breyttu deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinseyrar í Tálknafirði.

Deiliskipulagsbreytingin varðar fyrst og fremst aukningu á framleiðslumagni fiskeldisstöðvar en til stendur að auka framleiðslu úr 200 tonna hámarkslífmassa á ári í 1000 tonn. Til að ná því markmiði verður reist eitt hús sem hýsa á 16 eldisker. Starfsemin fer fram við fjöru á landfyllingu á lóð sem er að mestu ógróin malarplön og byggingar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um aðalskipulagsbreytingu vegna sama máls þann 8. ágúst 2023 sem og fyrr um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar, þann 3. febrúar 2023. Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsinguna sneru einkum að áformaðri vatnstöku og frárennslismálum og var þeim athugasemdum svarað í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar. Var það mat stofnunarinnar að umfjöllun um umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar væri greinargóð og raunsæ en mikilvægt að áform um endurnýtingu vatns, bætt hreinsun fráveitu og vöktun strandsjávar gengu eftir.

Einnig kom fram að framkvæmdir vegna stækkunar stöðvarinnar myndu ekki valda frekari röskun á fjörum enda færu þær fram innan lóðar á landfyllingu. Tryggja þarf að ekkert óþarfa rask verði á fjörum utan lóðar á framkvæmdatíma.

Í deiliskipulaginu er vikið nánar að áætlaðri uppbyggingu sem og fleiri þáttum t.d. að frárennslí verði leitt í röri niður fyrir straumfjörumörk og að unnið sé að því að lengja fráveiturörin á Gileyri til að tryggja það.

Í umhverfismati deiliskipulagsins eru áhrif framleiðsluaukningar fiskeldis á lífríki fjöru og strandsjávar metin óveruleg og staðbundin. Er það háð því að bætt hreinsun fráveitu gangi eftir. Náttúrufræðistofnun ítrekar það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum að vegna samlegðaráhrifa við önnur fiskeldi í Tálknafirði sem og aðra áhrifaþætti sé afar brýnt að vakta vel ástand strandsjávar og möguleg áhrif á lífríki samhliða rekstri fiskeldisstöðvarinnar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsvið

